



Vorfundur Tónlistarskóla Árnésinga bs. haldinn á Hótel Örk í Hveragerði 28. apríl 2025

Dagskrá aukaaðalfundar að vori (vorfundur).

Helga Sighvatsdóttir skólastjóri og Jóhann Stefánsson, aðstoðarskólastjóri koma inn á fundinn.

1. Fundarsetning

Kjartan Björnsson, formaður stjórnar setur fundinn og býður fulltrúa velkomna. Í upphafi fundar kallar formaður eftir athugasemdum við útsent fundarboð. Engar athugasemdir eru gerðar.

2. Kosning fundarstjóra og fundarritara

Lagt er til að Kjartan Björnsson, formaður stjórnar verði fundarstjóri og Rósa Sif Jónsdóttir, verði fundarritari, er það samþykkt samhljóða.
Síðan er gengið til dagskrár.

3. Skýrsla stjórnar um starfsemi liðins árs

Helga flytur skýrslu stjórnar. Í upphafi vetrar þurfti að gera breytingar á húsnæðismálum skólans og flytja hluta af kennslunni yfir í Stekkjarskóla. Ekki var mikil aðsókn í tónlistarnám í upphafi haustsins en þegar að líða fór á veturinn fóru fleiri að sækja um og eru nokkrir á biðlista í dag. Það er gleðiefni að aukning sé í tónlistarnám.

Samstarfsverkefni milli Flóahrepps og tónlistarskólans var ýtt af stað og hófst tónlistarkennsla í píanónámi aftur eftir tveggja ára hlé.

Fulltrúar frá tónlistarskólanum tóku þátt í tónleikum ungsveitar Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Hörpu en fjölmargir tónleikar hafa verið haldnir í vetur og sýnir Helga myndir frá hinum ýmsu tónleikum m.a. haust-, miðdeildar- og framhaldsdeildartónleikum einnig eru fulltrúar skólans duglegur að fara út í bæ og halda tónleika fyrir ýmsa aðila, það er því óhætt að segja að þau komi víða við.

Minningartónleikar voru í Hveragerðiskirkju um Sigfús Ólafsson fyrrum píanókennara skólans og Hjört Þórarinsson en hann var einn að stofnendum Tónlistaskóla Árnesinga fyrir 70 árum, tókust þeir tónleikar mjög vel.

Nokkrir hópar útskrifuðust úr Suzukinámi ásamt öðrum útskriftum m.a. með framhaldsprófum.

Fer hún yfir starfsdaga og námskeið sem haldin hafa verið fyrir kennara skólans. Blokkflautusveit skólans fór í heimsókn til Færeyja og héldu þau tónleika þar. Einnig var haldin Píanóhringekja í apríl.

Ræðir hún um tónleika sem framundan eru en það verður margt í boði.

Einnig verður Smiðjuvika haldin fyrir nemendur um miðjan maí og eru þá ýmis fjölbreytt námskeið í boði fyrir nemendur og uppábrot í kennslu.

Skólinn verður 70 ára í október nk. og er farið að skipuleggja tónleika af því tilefni.

Fundarstjóri gefur orðið laus engin tekur til máls.

4. Fundargerðir stjórnar lagðar fram til kynningar

Helga fer yfir fundargerð stjórnar nr. 212 frá 11. mars sem er lögð fram til kynningar.

Fundarstjóri gefur orðið laust engin tekur til máls.

5. Ársreikningur síðasta rekstrarárs.

Helga Sighvatsdóttir, skólastjóri TÁ, fer yfir ársreikning og svarar fyrirspurnum.

Fundarstjóri gefur orðið laust, engin tekur til máls.

Reikningurinn er lagður fram og staðfestur.

6. Tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun yfirstandandi árs.

Helga fer yfir tillögu að viðauka við fjárhagsáætlun ársins vegna samþykktara kjarasamninga við tónlistarkennara.

Tónlistarskóli Árnesinga óskar eftir viðauka við fjárhagsáætlun ársins 2025 kr. 2.158.759,- er það tilkomið vegna samþykktra kjarasamninga við tónlistarkennara. Viðaukinn verður sendur til aðildarsveitarfélaga til staðfestingar.

Til máls taka auk formanns Arnar Freyr Ólafsson og Álfheiður Eymarsdóttir.

Viðauki við fjárhagsáætlun 2025 er borin undir atkvæði og samþykktur samhljóða og verður lagður fyrir sveitarstjórnir.

7. Önnur mál

Formaður og Helga ræða um að undirbúningur sé hafinn á tónleikum vegna 70 ára afmælis skólans í haust.

Arnar Freyr Ólafsson tekur til máls.

Fundi slitið kl. 13:57.

Helgi Kjartansson, Bláskógabyggð
Kjartan Björnsson, Sveitarfélagið Árborg
Arna Ír Gunnarsdóttir, Sveitarfélagið Árborg
Gestur Þór Kristjánsson, Sveitarfélagið Ölfus
Helga Lind Pálsdóttir, Sveitarfélagið Árborg
Bragi Bjarnason, Sveitarfélagið Árborg
Brynhildur Jónsdóttir, Sveitarfélagið Árborg
Sveinn Ægir Birgisson, Sveitarfélagið Árborg
Þórhildur Dröfn Ingvadóttir, Sveitarfélagið Árborg
Sigurjón Vídalín Guðmundsson, Sveitarfélagið Árborg
Arnar Freyr Ólafsson, Sveitarfélagið Árborg
Álfheiður Eymarsdóttir, Sveitarfélagið Árborg
Ellý Tómasdóttir, Sveitarfélagið Árborg
Ari Björn Thorarensen, Sveitarfélagið Árborg
Haraldur Þór Jónsson, Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Jón Bjarnason, Hrunamannahreppur
Guðrún S. Magnúsdóttir, Bláskógabyggð
Smári Bergmann Kolbeinsson, Grímsnes- og Grafningshreppur
Árni Eiríksson, Flóahreppur
Halldór Benjamín Hreinsson, Hveragerði
Dagný Sif Sigurbjörnsdóttir, Hveragerði
Hrönn Guðmundsdóttir, Sveitarfélagið Ölfus
Grétar Ingi Erlendsson, Sveitarfélagið Ölfus
Rósa Sif Jónsdóttir, ritari